

KIRKJUGARÐARÁÐ

125. fundur haldinn 7. september 2015 á Fáskrúðsfirði.

Auk fundar ráðsins sem haldinn var á Fáskrúðsfirði var deginum varið í heimsóknir í kirkjugarða í Austurlandsprófastsdæmi. Gist var á Hallormsstað um kvöldið og daginn eftir haldið áfram heimsóknum í kirkjugarða í prófastsdæminu og garðarnir skoðaðir undir leiðsögn heimamanna, Flogið var frá Reykjavík til Egilsstaða kl.7:30 og komið til baka til Reykjavíkur daginn eftir kl. 12.:55.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

1. Setning fundar

Fundur settur kl.12:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram. Fundargerðin var samþykkt.

2. Bréf til innanríkisráðherra vegna greiðslu fyrir jarðsetningu

Formanni var falið að ganga frá bréfinu í samvinnu við Kristján Val Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti. Bréfið verður lagt fyrir kirkjuráð. Drögin verða send í tölvupósti til kirkjugarðaráðs til samþykktar.

3. Nýsamþykktar viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Nýsamþykktar viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga voru kynntar.

4. Deilur vegna yfirráðaréttar yfir nýlegu legstæði í Gufuneskirkjugarði

Erindi lagt fram og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samráði við formann.

5.. Málefni Kirkjugarða Siglufjarðar

Framkvæmdastjóri kynnti.

6. Minningarreitur í Selfosskirkjugarði

Framkvæmdastjóri kynnti.

7. Ákvörðun á fundardögum og fundartíma í vetur

Næsti fundur verður haldinn 12. okt. Fundir verða haldnir áfram annan mánudag í mánuði.

5. Önnur mál

Þórsteinn gerði grein fyrir störfum ráðherraskipaðrar nefndar um fjármál kirkjugarða. Nefndin hefur einungis haldið einn fund frá því í apríl.

Fundi lauk kl. 13:30.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari